


Könnun meðal lögfræðinga sem útskrifuðust með MA/ML gráðu árið 2014

69% lögfræðinga sem útskrifuðust árið 2014, og svöruðu könnun Lögfræðingafélags Íslands, unnu við lögfræðistörf í apríl 2015. Flestir lögfræðingar sem útskrifuðust úr Háskóla Íslands (HÍ) unnu við lögfræðistörf í apríl 2015

Af þeim lögfræðingum sem útskrifuðust 2014 starfa 39% á lögmannsstofum en á meðan enginn munur er á því hvar karlar og konur starfa, né heldur á vinnutíma þeirra, eru karlar betur launaðir. Meðallaun lögfræðinganna (m.v. miðgildi) eru 535.000 krónur og lögfræðingar útskrifaðir úr Háskólanum í Reykjavík (HR) eru best launaðir. Þá vekur athygli að 20% svarenda myndu hugsanlega velja annað nám ef þeir væru að hefja háskólanám í dag.




Þetta kemur fram í könnun sem Lögfræðingafélag Íslands gerði meðal lögfræðinga sem útskrifuðust með mastersgráðu árið 2014. Könnunin var send lögfræðingum sem voru fyrir með BA/BS gráðu í lögfræði frá háskólunum fjórum og tókst að fá hjá netföng. Alls útskrifuðust 162 með meistaragráðu úr háskólunum fjórum árið 2014 og höfðu áður tekið BA/BS gráðu í lögfræði. Netföng fengust hjá 139 þeirra og bárust svör frá 112 (81%) Háskóli Íslands (HÍ) og Háskólinn í Reykjavík (HR), eru með flesta útskrifaða lögfræðinga en hafa verður í huga við lestur könnunarinnar að tveir skólanna, Háskólinn á Akureyri (HA), og Háskólinn á Bifröst (HB), eru með það fáa útskrifaða lögfræðinga að erfitt er að draga afgerandi ályktanir út frá þeim.

69% vinna við lögfræðistörf

Alls unnu 69% (77 af 111) lögfræðinga sem svöruðu könnuninni og útskrifuðust árið 2014 við lögfræðistörf í apríl 2015.¹ Talsverður munur er á milli skóla en alls 81% (45 af 55) þeirra sem eru útskrifaðir úr Háskóla Íslands vinna lögfræðitengd störf á meðan 64% (27 af 42) lögfræðinga úr Háskólanum í Reykjavík, 42% (3 af 7) úr Háskólanum á Bifröst og 25% (2 af 8) úr Háskólanum á Akureyri eru í slíkum störfum.

Sex mánuðum eftir útskrift var 61% (68 af 112) lögfræðinganna í lögfræðistarfi; þar af 69% (38 af 55) nemenda úr HÍ, 59% (25 af 42) nemenda úr HR, 42% (3 af 7) úr HB og 25% (2 af 8) nemenda úr HA.

49% (27 af 55) nemenda úr HÍ og 28% (12 af 42) nemenda úr HR var í lögfræðistarfi fyrir útskrift. Einn nemandi af sjö hafði fengið lögfræðistarfi fyrir útskrift frá HB en enginn af átta nemendum HA.



17 í atvinnuleit

Af þeim 34 lögfræðingum sem ekki voru í lögfræðistörfum í apríl 2015 voru 17 í atvinnuleit og 14 í öðrum störfum (sem ekki tengdust beint lögfræði).² Mismunandi var hvaða störfum þeir sinntu en þrír voru í stjórnunarstörfum, tveir sinntu almennum skrifstofustörfum og þrír störfuðu í verslun, svo dæmi séu tekin. Þá voru þeir sem ekki störfuðu við lögfræðistörf spurðir að því hvort þeim hefði boðist að vinna við lögfræðistörf án endurgjalds og svöruðu þrír þeirra spurningunni játandi.

Starfsreynsla

75% (84 af 112) lögfræðinganna höfðu reynslu af lögfræðistörfum þegar þeir útskrifuðust með MA/ML gráðu. 40% (45) svarenda höfðu meira en tólf mánaða reynslu, 12% (13) höfðu

¹Spurning 6 var hvort viðkomandi sinnti lögfræðistörfum. Ef þátttakendur svöruðu játandi voru þeir spurðir hvar þeir störfuðu. Ef þeir svöruðu neitandi voru þeir spurðir hvort þeir væru að leita að vinnu, við hvað annað þeir störfuðu og hvort þeim hefði boðist vinna við lögfræðistörf án endurgjalds. Af þeim 112 sem svöruðu könnuninni svöruðu 111 þessari tilteknu spurningu.

²Þrír svörðu ekki við hvað þeir unnu.

6-12 mánaða reynslu, 9% (10) höfðu 3-6 mánaða reynslu, 14% (16) höfðu 0-3 mánaða reynslu en 25% (28) höfðu enga reynslu.

Athyglisvert er að 82% (45 af 55) lögfræðinga frá HÍ og 79% (33 af 42) lögfræðinga frá HR höfðu reynslu af lögfræðistörfum þegar þeir útskrifuðust á meðan 57% (4 af 7) lögfræðinga frá HB og 25% (2 af 8) lögfræðinga frá HA höfðu reynslu af lögfræðistörfum við útskrift. Væntanlega skýrist þessi munur af því að mismunandi áhersla er lögð á það eftir skólum að nemendur stundi starfsnám á námstímanum.



Þrír af hverjum tíu á lögmannsstofum

Eins og áður hefur komið fram starfa 69% (77 af 111)³ þeirra sem svöruðu könnuninni við lögfræðistörf. Af þeim starfa 28% (31 af 111) á lögmannsstofum, 24% (27 af 111) hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum, 11% (12 af 111) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum

³ Örlítið misræmi er í svörum, þannig svöruðu 77 lögfræðingar spurningu 6 játandi um hvort þeir ynnu við lögfræðistörf af 111 en spurningu 6.2 „Hvar starfar þú?“ svöruðu 79.

og 7% (8 af 111) hjá fjármálastofnunum.⁴ Hlutfallslega er enginn munur milli kynja eftir því hvar þau starfa.

Flestir lögfræðingar sem útskrifuðust frá HÍ vinna á lögmannsstofum, eða 36% (20 af 55). 24% (10 af 42) lögfræðinga frá HR vinna á lögmannsstofum, einn frá HA og enginn frá HB. Þá starfar 31% (17 af 55) lögfræðinga frá HÍ hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum, 19% (8 af 42) lögfræðinga frá HR.

Vinnutími

Þeir lögfræðingar, sem störfuðu við lögfræðistörf, voru spurðir að því hve marga tíma þeir ynnu að jafnaði á viku. Flestir, eða 72% (56 af 78) vinna milli 40-50 tíma, 13% (10 af 78) vinna 30-40 tíma á viku og 9% (7 af 78) vinna meira en 50 tíma á viku.

Mánaðarlaun

Lögfræðingarnir voru einnig spurðir út í heildarmánaðarlaun sín. Alls svöruðu 73 spurningunni og kom fram að 34% (25 af 73) voru með laun á bilinu 400-500.000 krónur og 33% (24 af 73) með 500-600.000 krónur. Þá voru 19% (14 af 73) með laun á bilinu 600-700.000 krónur og 7% (5 af 73) svarenda voru með laun á bilinu 300-400.000 og sami fjöldi með laun yfir 700.000 krónur. Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun þeirra sem sögðu t.d. laun sín vera milli 300-400.000 krónur séu 350.000 osfrv. má ætla að meðallaun lögfræðinganna séu 535.000 krónur á mánuði.

Mánaðalaun eftir skólum

Laun eftir því hvaðan lögfræðingar voru útskrifaðir	Háskóli Íslands	Háskólinn í Reykjavík
300-400.000	4	0
400-500.000	16	7
500-600.000	11	12
600-700.000	11	3
Yfir 700.000	2	3
SAMTALS	44	25


Þegar mánaðalaun svarenda eru skoðuð eftir skólum kemur í ljós að 12% (3 af 25) lögfræðinga frá HR og 4,5% (2 af 44) lögfræðinga frá HÍ voru með yfir 700.000 í mánaðarlaun. Þá voru 25% (11 af 44) lögfræðinga frá HÍ og 12% (3 af 25) lögfræðinga HR með 600-700.000 krónur. 25% (11 af 44) lögfræðinga frá HÍ og 48% (12 af 25) lögfræðinga frá HR voru með

⁴ Einn sagðist vinna við annað, sinnir lögfræðitengdum störfum fyrir opinberan aðila og einkaaðila.

500-600.000 krónur í laun. Loks voru 45% (20 af 44) lögfræðinga frá HÍ og 28% (7 af 25) lögfræðinga frá HR með undir 500.000 krónum. Einungis tveir lögfræðingar úr HA og HB svöruðu spurningum um laun og verða niðurstöðurnar frá þeim ekki gefnar upp.

Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun þeirra sem sögðu laun sín vera milli 300-400.000 krónur séu 350.000 osfrv. þá má ætla að meðallaun lögfræðinga sem útskrifuðust úr HR séu 558.000 krónur og lögfræðinga úr HÍ 529.000 krónur.

Laun eftir kynjum



Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti eru vísbendingar um að launamisrétti sé í hópi nýútskrifaðra lögfræðinga, að konur séu oftar með lægri heildarmánaðarlaun en karlar.

Alls 24 lögfræðingar eru með 500-600.000 krónur á mánuði, þar af 62,5% (15) konur og 37,5% (9) karlar. Hins vegar eru konur 28,6% (4) þeirra sem eru með 600-700.000 á mánuði en karlar 71,4% (10). Fimm þeirra lögfræðinga sem svöruðu eru með laun yfir 700.000 krónur á mánuði. Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun lögfræðinganna sem sögðu laun sín vera milli 300-400.000 krónur séu 350.000 osfrv. þá má ætla að meðallaun karla séu 550.000 krónur en kvenna 522.000 krónur. Þess má geta að konur og karlar vinna álíka mikið en 31 karl (af 37) og 31 kona (af 40) vinna meira en 40 klst. á viku. Sex karlar vinna minna en 40 klst. á viku og níu konur.

Skipt um starf

70% (55 af 79) lögfræðinganna sem unnu við lögfræðistörf höfðu ekki skipt um starf frá útskrift.

Fimmtungur myndi hugsanlega velja annað nám

Lögfræðingarnir voru spurðir að því hvort þeir myndu aftur velja lögfræði ef þeir væru að hefja háskólanám í dag. 28% (30 af 107)⁵ töldu tvímælalaust að þeir myndu gera það og 45% (48 af 107) töldu slíkt sennilegt. Athyglisvert er að 20% (22 af 107) svöruðu því til að þeir myndu hugsanlega ekki velja lögfræði ef þeir væru að hefja háskólanám í dag og 2% (2 af 107) sögðust alls ekki myndu velja lögfræði.

Algengustu ástæður þeirra sem sögðust hugsanlega eða alls ekki velja lögfræði í dag, voru þær að takmarkaðir atvinnumöguleikar og offramboð á lögfræðingum hefðu áhrif og að mikilvægt væri að hafa tengsl innan stéttarinnar til að eiga betri möguleika á atvinnu. Þá kom einnig fram að íslenskir lögfræðingar hefðu afar takmarkaða atvinnumöguleika erlendis. Einn lögfræðinganna svaraði svo: *Vélrænt nám, afskaplega ópraktískar kennsluáðferðir (minnisæfingar og staðreyndahleðsla) sem hafa enga þýðingu í nútímaatvinnulífi. Lélegar atvinnuhorfur vegna offramboðs lögfræðinga.*

Flestir hafa hug á LL.M námi erlendis

12% (14 af 112) lögfræðinganna höfðu lokið öðru framhaldsnámi en MA/ML prófi í lögfræði, 5% (6 af 112) eru í námi en 82% (92 af 112) höfðu ekki lokið öðru framhaldsnámi.

46% (52 af 112) höfðu hug á því að fara í frekara nám, þar af 39% (44) erlendis og 7% (8) á Íslandi.

Þátttakendur voru spurðir hvaða nám þeir hefðu hug á að stunda og gátu merkt við fleiri en einn möguleika. Flestir hafa áhuga á að fara í LL.M. nám og afla sér lögmannsréttinda.

Þá hafði 31% (35 af 112) lögfræðinga ekki tekið ákvörðun um frekara nám en 16% (18 af 112) höfðu ekki hug á meira námi.


Hefur þú hug á því að fara í meira nám?			
	Alls	Já	
HÍ	55	29	52,70%
HR	42	17	40,50%
HA	8	5	62,50%
HB	7	1	14,30%
Alls	112	52	46,43%

⁵Af þeim 112 sem svöruðu könnuninni svöruðu 107 þessari tilteknu spurningu.

Aldur og kyn

Alls 64% (72 af 112) þátttakenda könnunarinnar voru á aldrinum 25-30 ára, 17% (19 af 112) á aldrinum 30-35 ára, 12% (14 af 112) voru 40 ára og eldri, 3% (4 af 112) undir 25 ára og 3% (3 af 112) 35-40 ára.

Þá voru 55,4% (61 af 112) konur og 44,6% (49 af 112) karlar. Þess má geta að netföng fengust hjá 139 lögfræðingum en af þeim voru 57% (79) konur og 43% (60) karlar.



Flestir með maka og börn útskrifaðir frá HB

Alls 34% (38 af 112) þátttakenda eiga maka og börn, 44% (49 af 112) eiga maka og 8% (9 af 112) eru með börn á framfæri. Þá voru 14% (15 af 112) einhleypir.

Þegar fjölskyldufólkið er skoðað, þ.e.a.s. þeir sem eiga maka og börn í apríl 2015, kemur í ljós að 86% (6 af 7) lögfræðinga úr HB, 40% (17 af 42) lögfræðinga úr HR, 25% (2 af 8) lögfræðinga úr HA og 24% (13 af 55) lögfræðinga úr HÍ eiga maka og börn.

Lögverndun starfsheitis

Þátttakendur voru spurðir um hvort það ætti að lögvernda starfsheitið lögfræðingur og svöruðu 79% (89 af 112) því játandi.

Eyrún Ingadóttir tók saman í maí 2015.